

líkingu guðs, var næsta ervitt úr að ráða, jafnvel fyrir Gyðinga. Elohim var þeim svo lítið kunnur, og hann opinberaði sig fyrir þeim svo sjaldan, og þá ýmist sem skýstólpi eða dúfa eða mikið ljós, og sagði til sín að eins með þessu tvíræða svari: „Eg em hver eg em.“ Öldum síðar kveður eitt hebreska skáldið, að maðurinn sé *lítið óæðri en guð*.*

Meðal forn Egypta var maðurinn álitinn sonur guðs, það er að segja heldri maðurinn, herra menn og konungbornir, því ótignir menn, þrælar og útlendingar, voru til orðnir af sjálfu sér. voru ættartölulausir og því guðlausir að ríkislögum. Á veggspjöldum grafhvolfanna má lesa fjölda bæna til Ósiris eða Amen-Rha, þar sem þeir eru ávarpaðir sem faðir eða verndari eða lífgjafi eða dómari hinna dánna.

Líkt var og meðal Indverja og frumþjóðar vorrar. Þeir hugsa sér manninn sem afkomanda guðanna, líkan þeim, er hlotið hafi lakari bústaði en þeir, og því smá hnignað, aldur hans stytzt, unz hann var orðinn að skammlífum skugga á jörðunni. Það var aðallega mismunur bústaðanna, — Ásgarðs og mannheima— mismunur fæðutegundanna, ódáiñseplanna, guðaveiganna og þess, er menn neyttu, sem skildi með þeim.

Í fáum orðum sagt, svar allra heimsins frumþjóða var eitt og hið sama. Það að vera maður, var að vera líkur guðunum, skaparður í þeirra mynd og líkingu. Spurningin var skoðuð frá hinni líkamlegu hlið tilveru mannsins, og hin siðferðislega merking hennar var hvorki skilin né tekin með.

Eðlilega var útskýring þessi að jöfnu við hinar aðrar athuganir frá þeim tíma. Menn kunnu að spyrja, en þeir kunnu naumast að svara, nema sem börn. Sköpunarsögurnar mörgu bera þess ljósastan vott.— Enda varð þar ekki staðar numið. Spekingar tóku við af spekingi— rannsakandi menn, er leituðu sannleiks og þekkingar með þeirri samvikkusemi og ástundun, að slíks eru færri dæmi nú. Hver kynslóðin tók við af annari, og þær sáu að í raun og veru væri öllu ósvarað, þótt sú niður-

x) Íslenzka þýðingin ú 8. Sálmi Davíðs er ónákvæm, sbr. Revised Version ensku biblíunnar.